

VIKIN

Talað við textílhönnuði

**Spinderokken
í Kaupmannahöfn**

**„Fólk er
mjög næmt
fyrir áróðri,
segir dr. Alda Möller
matvælafræðingur**

Tískumyndir

Ný framhaldssaga



Þrjónað á minnsta barnið

**Robert Burns
og konurnar**

Hér sjáum við þær stóllur Sigurlaugu Jóhannsdóttur, Þorbjörgu Þórðardóttur og Rögnu Róbertsdóttur. Listaverkið á bak við þær heitir Lauf-órar og er eftir Þorbjörgu. Það er þrykkt á 100% bómullarrenning og er hugsað í allt mögulegt, t.d. gluggatjöld, púða og rúmfatnað.



Og hér sjáum við Kröfluminni eftir Ásgerði Búadóttur. Það er úr ull og hrosshári, en hrosshár eru einmitt einkennandi í myndum eftir Ásgerði.



Og hér sjáum við annað dæmi um tauprykk á bómull. Þetta listaverk heitir Lóur og er eftir Steinunni Bergsteinsdóttur. Það er hugsað í hvað sem er, allt eftir smekk hvers og eins.

Textílhönnun er nýyrði, sem mörgum lætur sennilega ennþá ókunnuglega í eyrum, og trúlega verður þess nokkuð langt að bíða, að textílhönnuðir og arkitektar vinni saman, líkt og tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

Vonandi kemur þó einhvern tíma að því, og Vikan kynnir nú líttillega þessa áhugaverðu listið.

söl
- litir, ljós

Frá örófi alda hefur verið til myndvetnaður í heiminum, og er Ísland þar engin undantekning. Áður fyrr var vefjarlist einungis nytjalist. Tóku þá þátt í ullarvinnslunni jafnt konur sem karlar, og einkenndist allt heimilishald mjög af því. T.d. voru ofin fataefni, rúmfatnaður og rúmábreiður, en á efnaðri heimilum hafði fólk efni og tíma til að leika sér með liti og mynstur, og bera hin sérstaklega fallegu söðuláklæði og glitklæði, sem varðveist hafa frá fyrri tímum, þess glögg merki.

**FRUMLEGUR
HRESSILEIKI**

Nú á dögunum var haldin í Norræna húsinu í Reykjavík sýning á vegum Textíl-



Sigrún Sverrisdóttir sýnir okkur hér gott dæmi um slætta áferð, þar sem áhrifin nást með litum, ljósi og skuggum. Þetta listaverk heitir Vorið og er úr bómull og ull.



Von heitir þetta listaverk eftir Salóme Fannberg, og sjáum við hluta úr því stækkaðan hér að ofan. Hér hefur listakonan á skemmtilegan hátt tvinnað saman hin ólíklegustu efni, t.d. þang, silki, bómull og hör.

Tuskur, og steinar og skuggar



félagsins, og vakti hún mikla athygli sökum hins frumlega hressileika, sem kom fram í verkunum á sýningunni. En þar sem á sýningunni voru einungis fullunnin verk, vöknudu að vonum margar spurningar og þá helst, hvort þessi verk væru einungis listaverk, eða hvort hægt væri að fá þau keypt til að nota í gluggatjöld og annað álíka á heimilum og í opinberum stofnunum.

Við hittum að máli þær Rögnu Róbertsdóttur, Þorbjörgu Þórðardóttur og Sigurlaugu Jóhannesdóttur, en þær hafa allar stundað nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Ragna lauk prófi þaðan árið 1967 og hélt síðan til Svíþjóðar til framhaldsnáms í Konstfacsolan í Stokkhólmi á

árunum 1970—1971: Hún hefur kennt á námskeiðum í Myndlista- og handiðaskólanum og tók þátt í Norræna Textiltírenn-alnum, sem var á Kjarvalsstöðum. Hún hefur sitt eigið verkstæði og er stofnfélagi í Textilfélaginu, eins og þær allar.


Þorbjörg útskrifaðist 1972 og hélt þá á sama skóla og Ragna, Konstfacsolan í Stokkhólmi, og lauk námi þar 1974. Hún er kennari í Myndlista- og handiðaskólanum og er með eigið verkstæði, en nú eru í Reykjavík starfandi 4 textilverkstæði og síðan nokkur vefnaðarverkstæði.

Sigurlaug lauk prófi frá Myndlista- og handiðaskólanum 1967. Þá kenndi hún í 4 ár í Húsmæðraskólanum á Laugum. Hélt hún síðan til Mexíkó og lærði við Instituto

Allende Mexico, þaðan fór hún til Kanada og kenndi á hæli fyrir þroskaft börn í 4 mánuði, en kom síðan heim 1974 og kennir nú við Myndlista- og handiðaskólann. Og eins og stöllur hennar, þá hefur hún eigið verkstæði heima hjá sér.


MISMUNANDI ÚTFÆRSLA

Eins og sjá má á myndunum, þá var sýningin mjög fjölbreytt og fætinum stungið niður á mörgum stöðum. Í sjálfu sér er þó munurinn á aðferðunum ekki svo mikill, heldur liggur hann aðallega í mismunandi útfærslu vinnuaðferða hjá hverjum og einum. Eini munurinn á tveimur gerólikum verkum getur legið í mismunandi áferð, og þar sem vefnaðurinn leyfir, að notað sé



Þetta er hluti úr verki, sem heitir Gamli kirkjugarðurinn og er eftir Rögnu Röbertsdóttur. Þetta er mjög gott dæmi um upphleypta áferð og er úr bómullarræmum og ullargarni. Listakonan hélt, að það hefði tekið sig rúma 2 mánuði að fullvinna verkið, sem er 145×140 sm að stærð. Við sjáum verkið í heild hér að neðan.

Pennan kjól unnu þær Guðrún Gunnarsdóttir og Eva Vilhelmsdóttir í samvinnu. Hann er hannaður fyrir Álafoss og er úr ullarefni. Það er Guðrún, sem hannað efnið, en Eva teiknar síðan kjólinn.



næstum hvaða efni sem er, getur fjölbreytnin orðið mjög mikil. Sumir listamenn byggja á hrjúfri áferð, nota óslétt yfirborð, tuskur, sól og steina, til að ná áhrifum, en aðrir byggja á litum, ljósi og skugga. Á sýningunni voru einnig áklæðissýnishorn og ofnir serkir, en allir þessir hlutir eiga það sameiginlegt að vera ofnir úr alislenzkum hráefnum, og þurftu listakonurnar sjálfar að lita bandið með íslenskum jurtalitum, þar sem slíkt er ekki til á markaðnum hér.

Mikið var um tauprykk á sýningunni, og

margir sýningargesta veltu því fyrir sér, hvort þetta eða hitt væri nú ekki upplagt í sængurföt á rúmið heima. Tauprykk er ung listgrein, og það form, sem notað er nú, er nýtt. Fyrst er munstrið þrykk á skapalón og síðan yfirfært á nælonvef, sem strekktur er á tréramma. Þrykkliturinn er síðan dreginn yfir vefinn, einn og einn litur í einu, þannig að liturinn þrýstist í gegnum opna hluta skapalónsins og niður á tauið. Svona er haldið áfram, þar til myndin er tilbúin, í öllum þeim litum, sem óskað er.

Eins og áður er sagt var þessi sýning haldin á vegum Textilfélagsins. Þetta félag er tiltölulega ungt, stofnað í október 1974, en þá var þörfin orðin mikil á einhverri samstöðu þar sem félagsmenn höfðu áður þurft að vinna hver í sínu horni. Inntöku-skilyrði í félagið eru þau, að auk tveggja ára undirbúningsnáms þarf umsækjandi að hafa lokið námi frá tilskildum listiðnaðarskólum, og sé samanlagður námstími í textilgreinum 3 ár. Í félaginu eru nú 24 stúlkur.

TILGANGUR FÉLAGSINS

Tilgangurinn með stofnun félagsins var fyrst og fremst sá að gæta hagsmuna félagsmanna á sviði textilhönnunar og bæta kjör þeirra. Ennfremur að leitast við að efla og styrkja atvinnugreinina á hvern þann hátt, sem við verður komið, og að semja og leiðbeina um fagleg og lögfræðileg atriði, svo sem höfundarrétt, og gæta þess, að réttindi félagsmanna séu virt. Samsýningar eiga að vera annað hvert ár, og er það von félagsmanna, að það verði til þess að auka áhuga og skilning hjá almenningi og fyrirtækjum og þá um leið, að gróska hlaupi í sölu.

Áður en Gallery Solon Íslandur var lagt niður, hafði Textilfélagið aðstöðu þar, en nú hafa listakonurnar verk sín heima og á verkstæðunum, og afgreiða þær pantanir þar, frá einstaklingum og fyrirtækjum. En hjá flestum dugar það ekki til að afla þeim lífsviðurværis, svo þær verða að vinna fyrir sér á annan hátt. En auðvitað væri það æskilegt, að hægt væri að taka upp samvinnu við arkitekta hér á landi, eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Þar er samvinnunni þannig háttað, að eftir að arkitektinn hefur lokið sínu verkefni, þá tekur textilhönnuðurinn við og sér um gluggatjöld, dúka, gólfteppi og annað það, sem lýtur að hans verksviði.

Stærsta verkefni félagsins til þessa er samsýningin Nordisk Textiltiennale, og voru listakonurnar sammála um, að sú sýning hefði vakið marga til umhugsunar um vefjarlistina. En það sem háir þeim mest, er einmitt, hvað þessi listgrein er ung og óþekkt og að þær skuli hvergi hafa fastan samastað. Þó eru vonir bundnar við, að Íslenskur heimilisíðnaður hefji samvinnu við þær á næstunni.

Draumurinn er, að Textilfélagið geti ásamt fleiri listamönnum opnað stað, þar sem bæði væri aðstaða til sýninga og sölu. — Það verður gaman að fylgjast með þessum hressa og bjartsýna hópi í framtíðinni, og óskum við þeim alls hins besta.

— HS